Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 6. nóvember í Eddu og hófst kl. 15. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Jóhannes B. Sigtryggsson, Matthías Tryggvi Haraldsson, Ragnar Jónasson, Sigrún Steingrímsdóttir, Stefán Eiríksson, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórður Sævar Jónsson. Arnhildur Arnaldsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Luciano Dutra og Marta Guðjónsdóttir boðuðu forföll. Guðrún C. Emilsdóttir, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Torfi Þórhallsson voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Lagasetningaráform stjórnvalda

Ármann Jakobsson kynnti þau áform sem stjórnvöld birtu í Samráðsgátt í september um lagasetningu um breytingu á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og fleiri lögum. Íslensk málnefnd sendi ábendingar við þau atriði í áformaskjalinu sem snúa að Íslenskri málnefnd, s.s. fækkun nefndarmanna, hugsanlegri nafnbreytingu Íslenskrar málnefndar í Íslenskuráð og tímabundnar nefndir til stuðnings starfi þess.

Þar sem kosningar til Alþingis eru fram undan er ólíklegt að þessi áform verði að veruleika.

2. Önnur mál

a. 60 ára afmælis Íslenskrar málnefndar var minnst með afmælismálþingi sem haldið var 17. október. Málþingið var vel sótt og þar fluttu ávörp Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra, Ármann Jakobsson formaður Íslenskrar málnefndar og Guðrún Kvaran og Kristján Árnason sem bæði eru fyrrverandi formenn Íslenskrar málnefndar.
b. Vefrit Íslenskrar málnefndar, Málfregnir, kemur út í nóvember. Meginefni þess eru erindi af afmælismálþinginu.
c. Lögum um íslenska tungu fylgja engin viðurlög og skýringar vantar á ferlinu þegar Íslensk málnefnd veitir áminningar vegna brota á lögum um tunguna og hvort ráðuneytinu beri að fylgja eftir ábendingum nefndarinnar ef þeim er ekki svarað fullnægjandi. Ákveðið var að kanna lög um þjóðtungur í öðrum löndum og hugsanlega ráða einhvern tímabundið til að kanna þetta skipulega.
d. Jóhannes sagði frá fundi sem hann og Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, áttu með fulltrúum Isavia 18. október. Þar voru kynnt áform um nýjar merkingar í Keflavíkurflugvelli þar sem íslenska væri í öndvegi og einnig að lögð yrði áhersla á að íslensk heiti yrðu notuð á fyrirtæki á vellinum. Dæmi um það væri að ný mathöll þar væri kölluð Aðalstræti. Tekið var undir að þetta væru jákvæð tíðindi en málnefndin hefur lengi gert athugasemdir við merkingar á vellinum.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16.15

Ármann Jakobsson — sign.

Ágústa Þorbergsdóttir — sign.